9. stjórnarfundur Minjasafnsins á Akureyri miðvikudaginn 16. október 2019
haldinn í Minjasafninu á Akureyri Aðalstræti 58 frá 15:15-17:15

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Kruger, Elísabet Ásgrímsdóttir, Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri og Hanna Rósa Sveinsdóttir

Sigfús Karlsson formaður stjórnar setti fund og stýrði samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð fyrri funda
Fundargerð 7. og 8. stjórnarfundar yfir farnar og undirritaðar.

2. Rekstrarreikningur fyrstu 9 mánuði 2019
Haraldur og Hanna Rósa fóru yfir rekstur safnsins og tengdra safna og er rekstur í jafnvægi.

3. Samningur við Akureyrarbæ
Samningar um rekstur Davíðshúss og Nonnahús renna út um áramót.
Safnstjóra var falið að óska eftir viðræðum við Akureyrarstofu um endurnýjun á samningum um rekstur Nonnahúss og Davíðshúss.

4. Starfsemi fram að áramótum.

Safnstjóri kynnti fyrirhugaða viðburði tengda 100 ára afmæli Svartra fjaðra, undirbúning jólasýningar safnsins og tónlistarsýningu í suður sal safnsins.
Safnstjóri lagði til að jólaviðburður í Laufási yrði framvegis haldinn í safnhúsum í Innbænum en starfsdagar í Laufási yrðu bundnir við sumarið þegar full starfsemi væri í Laufási.
Jólastarfsdagur í Laufási kallaði á mikinn undirbúning starfsfólks þó félagsmenn Handraðans legðu á sig mikla vinnu á sjálfan starfsdaginn. Þá félli til þónokkur kostnaður vegna viðburðarins.
Viðburðurinn væri einnig veðurháður því hefði hann t.d. fallið niður síðasta vetur.
Stjórn safnsins féllst á þau sjónarmið.

5. Önnur mál.
Formaður stjórnar kynnti fyrirhugaða heimsókn Karl-Werner Schulte og lagði til að stjórn safnsins biði honum út að borða sem þakklæti fyrir kortin sem sýnd hafa verið á safninu síðan 2014.

Sigfús og Þorsteinn ræddu um húsnæðismál safnsins og hvernig stæði með bætt aðgengi fatlaðra.
Safnstjóri upplýsti að leitað hefði verið eftir hugmyndum frá Útrás um aðkomu norðan á safninu.

Lögð var fram skráning ljósmynda í tveimur heftum sem Aðalsteinn Eiríksson, Kristinn Valdimarsson og Pétur Garðarsson ásamt fjölda annarra Núpverja og Mýrhreppinga hafa unnið að í minningu Eyfirðinganna Sigtryggs og Kristins Guðlaugssona frá Þröm í Garðsárdal, stofnenda Núpsskóla.

Stjórn safnsins færir þakkar þeim frábært framlag til safnsins.

Ekki fleira gert og fundi slitið 17:15

Fundarritari HÞE

Sigfús Karlsson
Elísabet Ásgrímsdóttir
Þorsteinn Kruger
Sigríður R Sigurðard.